

Afreksstefna 2015 – 2020



Íþrótt – menning – lífsstíll



Inngangur

Afreksstefna Landssambands hestamannafélaga (LH) er yfirlit yfir fyrirhugað skipulag og áætluð markmið fyrir afreksstarf hestaíþróttarinnar á Íslandi fyrir tímabilið 2015-2020.

Tilgangur með gerð afreksstefnunnar er að leggja línur varðandi umhverfi afreksíþróttafólks í hestaíþróttum og setja markmið um hvernig megi auka getu þeirra. Stefnt er að því að landsliðið í hestaíþróttum verði meðal þeirra bestu í heiminum.

Stjórn LH telur markmiðin og stefnuna sem hér koma fram mjög metnaðarfulla og mun reyna að gera allt sem hún getur til að tryggja fjármagn til að hægt sé að fylgja þeim markmiðum sem sett eru í stefnunni.

1. Hestamennska – fyrr og nú

LH er aðili að FEIF, alþjóðasamtökum um íslenska hestinn sem var stofnað 1969 af Íslendingum og áhugamönnum um íslenska hestinn í Evrópu. Árið eftir var haldinn fyrsta Evrópukeppnin í Aegidienberg í Þýskalandi, með þátttöku 6 landa. Í dag eru aðildarlöndin orðin 19 og fjöldi félagsmanna eykst með ári hverju. Þátttökulönd innan FEIF eru: Austurríki, Bandaríkin, Belgía, Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Færeyjar, Holland, Ítalía, Ísland, Írland, Kanada, Lúxemborg, Noregur, Slóvenía, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

EM 1970 – 1989 og HM frá 1991

Á fyrstu árum Evrópukeppninnar voru Íslendingar í fararbroddi eins og búast mátti við. Smátt og smátt fóru þjóðir eins og Þýskaland, Austurríki og Svíþjóð að tefla fram sterkum liðum og glæsilegum hestakosti og á síðustu árum EM og fyrstu árum HM var á brattann að sækja fyrir íslenska landsliðið.

Íslendingar voru og eru alltaf því marki brenndir að þurfa að flytja út sín keppnishross og skilja eftir að keppni lokinni. Þetta, meðal annars, gerði það að verkum við misstum þá forystu, sem í upphafi þótti kannski sjálfgefin. Staðan var orðin veik, má t.d. nefna að 1989 náðu Íslendingar ekki nema einu gulli – í gæðingaskeiði. Síðan var farið að taka þetta föstum tókum og mikið hefur áunnist eftir að LH og HIS sameinuðust og urðu sem heildarsamtök aðilar að ÍSí.

Norðurlöndin og fleiri Evrópuþjóðir, Kanada og Bandaríkin eru í dag með stór og öflug samtök, fjöldi félagsmanna í FEIF er áætlaður 60.000. Á síðustu HM leikum hefur íslenska landsliðinu gengið frábærlega vel en við megum hafa okkur öll við til að halda þessum góða árangri.

Markmið Landssambands hestamannafélaga er að vera áfram í fremstu röð hestaíþróttá heimsmælikvarða.

Aðbúnaður

Í dag er aðbúnaðurinn orðinn mjög góður hér á landi til að þjálfna hross. Miklar framfarir hafa orðið sl. ár og er mjög sérhæfð aðstaða víða um land, s.s. hlaupabretti, sundlaugar og fl. Einnig hefur orðið vakning meðal knapa, varðandi líkamspjálfun.



2. Aðilar afreksstefnu LH

Til þess að Ísland verði áfram í fremstu röð hestaíþróttá á heimsmælikvarða þurfa margir hópar að vinna saman að því markmiði. Það er ekki nóg að hlúa vel að landsliðinu, heldur verða allir þættir hestamenskunnar að vera með besta móti og Ísland í fararbroddi í alþjóðlegu samstarfi.

Hestaíþróttin er í þeirri sérstöðu að ekki er eingöngu verið að þjálfá einstaklinga/landslið til þátttöku á stórmótum, ekki minna máli skiptir hesturinn. Því eru margir þættir sem þurfa að ganga upp til þess að ná markmiðum LH. Þeir hópar sem koma að afreksstefnu LH eru:

- Landssamband hestamannafélaga
- Hestamannafélögin í landinu
- Landsliðsnefnd LH
- Liðsstjóri landsliðs
- Keppandi/forráðamaður

2.1. Landssamband hestamannafélaga eru heildarsamtök hestamannafélaganna í landinu og eru þau grunnurinn að bæði almenningsíþróttinni og afreksfólkinu. Til þess að LH nái markmiðum sínum verður að hlúa að eftirfarandi málum:

2.1.1. Keppnisaðstaða

LH aðstoðar hestamannafélögin við undirbúning og uppbyggingu á keppnisaðstöðu.

2.1.2. Mennta- og æskulýðsmál

Unnin hefur verið heildarstefna í kennslumálum hestamenskunnar, allt frá byrjendanámskeiðum til framhaldsmenntunnar reiðkennara og menntastefnan LH er samþykkt af ÍSÍ. Markmiðið er að koma fyrstu stigunum inn í framhaldsskólana sem hiklaust myndi efla áhuga og léttu aðgengi að hestamenskunni en einnig auka færni og getu ungra knapa, menntunin verður heildstæðari og markvissari með samræmdri stefnu. Haustið 2006 hófst í Fjölbautaskóla Suðurlands hestabraut í tilraunaskyni en einnig er hestamenskun valfag í fjölbautarskólunum á Sauðárkróki og Höfn í Hornafirði. Haustið 2014 hófst kennsla í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ á hestabraut og er stefnt að því að útskrifa þaðan stúdenta með áherslu á hestatengt nám og er þar verulega horft til afreksknapa. Starfandi er menntanefnd á vegum LH sem er að vinna að þessum málum, en í henna sitja kennarar frá þremur menntaskólum, einum háskóla, einum grunnskóla og einn almennur kennari. Einnig starfar LH í alþjóðlegri menntanefnd á vegum FEIF. Það er eitt af markmiðum LH að vinna náið með aðildarlöndum FEIF á sem flestum sviðum svo að Ísland verði áfram í fararbroddi í hestamenskun og með í að móta stefnuna frá grunni.

2.2. Hestamannafélögin

Hestamannafélögin eru grunnurinn að því að hægt sé að velja landslið og eru í raun uppeldisstöðvar fyrir knapa. Þar fer öll þjálfun fram. Hestamannafélögin halda reiðnámskeið og eru með ýmsa fræðslu fyrir alla aldurshópa. Það er metnaður hestamannafélaga að ráða til sín vel menntaða reiðkennara og nokkur félög eru nú þegar orðin fyrirmyndafélög innan ÍSÍ.



Þar fá félagsmenn tækifæri til að þjálfa sig í keppni, bæði á félagsmótum, opnum mótum og stærri mótum s.s. Íslandsmótum. Æskulýðsstarf hestamannafélaganna er mjög öflugt og standa bæjarfélög í flestum tilfellum við bakið á barna, unglinga og ungmennastarfinu. Hestamannafélögin út um allt land er nauðsynlegur þáttur í þessari uppbyggingu.

2.3. Landsliðsnefnd

Landsliðsnefnd LH er skipuð af stjórn LH og er hennar verksvið m.a. að móta landsliðið, semja lykíl að vali þess og/eða velja á annan hátt í samvinnu við landsliðsstjóra. Landsliðsnefnd sér um úrtökur/val og framkvæmd úrtökumóta í samvinnu við hestamannafélögin. Hún tilnefnir liðsstjóra, fararstjóra, dýralækna og aðra þá aðstoðarmenn er þurfa þykir, í samstarfi við stjórn LH. Nefndin skipuleggur flutning á hrossum og landsliði og allt sem snýr að þátttöku á erlendri grund í samstarfi við skrifstofu LH.

2.4. Liðsstjóri

Liðsstjóri landsliðsins er skipaður af landsliðsnefnd og velur hann keppendur samkvæmt ákveðnum lykli hverju sinni. Liðsstjóri landsliðsins sér um landsliðið að vali loknu, þjálfar það og aðstoðar í öllu sem viðkemur keppninni. Markmið LH er að hafa liðsstjóra landsliðsins í hlutastarfi allt árið um kring til að fylgja eftir þjálfun og menntun landsliðs sem keppir á erlendri grundu, hvort sem það er fyrir fullorðna, ungmenni eða unglinga.

2.5. Keppandi/hesturinn

Ólíkt öðrum íþróttum er landslið í hestaíþróttum ekki valið fyrr en á síðustu stigum undirbúnings fyrir stórar keppnir erlendis. LH hefur ekki þann möguleika að geta valið nokkra framúrskarandi einstaklinga, þjálfað og hlúð að þeim í nokkur ár og sent á heimsmeistaramót. Knapi og hestur vinna saman og sú vinna tekur mörg ár. Þegar kemur að stórmótum verður parið að vera í toppformi, hestur og knapi, hraust og vel þjálfuð. Þegar knapi tekur þátt í heimsmeistaramótum og norðurlandameistaramótum flytur hann þjálfun og vinnu margra ára og hestinn úr landi. Þegar heim kemur hefst ný þjálfun með nýjum hesti. Þátttaka í stórmótum er ómetanleg reynsla fyrir alla íþróttamenn og að sjálfsögðu nýtist sú reynsla áfram en óneitanlega setur þetta strik í reikninginn fyrir Ísland að skilja eftir verður keppnishestanna að keppni lokinni. Það væri möguleiki að halda úti heimsmeisturum í þjálfun með hesta sína erlendis á milli HM en það myndi kosta óhemju fjármagn og landsliðsnefnd hefur horfið frá þeim hugmyndum.

Val á landsliði Íslands fyrir heimsmeistaramót fer fram á úrtökumótum sem haldin eru á vorin sem HM er haldið og er einnig í höndum liðsstjóra landsliðsins. Fram til ársins 1993 fór valið alfarið fram á úrtökumótum, en reynslan af því fyrirkomulagi, að landsliðsstjóri velji alla vega tvo keppendur, fyrir utan lykílinn, hefur reynst vel til að fá bestu mögulegu hestana. Ástæðan er líka sú að margir knapar vinna erlendis og geta ekki tekið þátt í úrtökum hér á landi en einnig ræður dagsformið á hestunum miklu.

Val á keppendum á Norðurlandameistaramót er alfarið í höndum liðsstjóra. Hann er valinn af landsliðsnefnd.



3. Framtíðarsýn afreksmála

Meðal verkefna LH er að tefla fram landsliðinu á heimsmeistaramótum og Norðurlandamótum. Breyting hefur orðið á landsliðunum þar sem ungmenni sem eru 18-21 árs mega keppa núna í sínum aldursflokki. Þessi mót fara fram á tveggja ára fresti, þannig að á hverju ári erum við að senda landslið út.

Sambandið vinnur að því að byggja enn frekar upp faglega þekkingu þeirra sem koma að þjálfun og keppni. Nauðsynlegt er síðan að vera með stoðþjónustu við landsliðið, s.s. dýralækni, fóðurfræðing, tölvumanneskju og mismunandi þjálfara fyrir hross og knapa.

Til að árangurinn verði sem mestur þarf jafnframt að fylgjast vel með því sem er að gerast á erlendri grundu þar sem íslenski hesturinn er að keppa. Til að þessi markmið náist þarf jafnframt fjármagn að vera til staðar. Heimsmeistaramót í hestaíþróttum verða stærri, faglegri og sterkari. Hugarfarsbreyting hefur orðið hjá íslenskum hestaíþróttamönnum varðandi þjálfun og keppni og vonumst við til þess að það muni skila sér í meiri árangri.

Með markvissari og lengri þjálfun er stefnt með ákveðin hest með löngum fyrirvara. Knapar kappkosta að halda sjálfum sér og keppnishestinum í sem allra besta formi. Uppbygging og þjálfun miðast að því að „toppa“ á réttum tíma. Í ljósi þess getum við gert meiri kröfur um árangur.

4. Skilgreining á afreki

Við skilgreiningu afreks hefur LH til hliðsjónar skilgreiningu ÍSÍ:

- Um **framúrskarandi afreksmann í hestaíþróttum** er fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.
- **Afreksmaður** er hver sá hestaíþróttamaður sem þjálfar hest sinn markvisst, hefur skýr markmið og telst hafa möguleika, hæfileika og líkamlegt atgervi til að ná langt í hestaíþróttinni.
- **Afreksefni** teljast þeir hestaíþróttamenn sem ekki hafa náð jafn langt í hestaíþróttinni en með markvissri þjálfun hests og knapa skipað sér á bekk með þeim bestu.

5. Markmið

Markmiðum LH má skipta í þrjá flokka, almenn, þróun og árangur:

a) Almenn

Almenn markmið LH skipta máli sem grunnur fyrir stefnu sambandsins gagnvart afreksstarfi innan LH á Íslandi.

- Að samstarf LH og hestamannafélaganna á Íslandi einkennist af samvinnu, metnaði, gleði og góðri upplifun.
- Að LH hjálpi hestamannafélögum við nýliðun.
- Að LH sjái til þess að fólk geti stundað afreks hestamennsku á öllu landinu.
- Að LH sjái til þess að hestaíþróttamenn geti bætt árangur sinn.
- Að LH sjái til þess að sá hópur stækki sem keppir reglulega á mótum.



- Að LH sjái til þess að auka fjölbreytni í mótahaldi m.a. með því að koma á liðakeppni hjá unglingum og ungmennum og líka að lengja keppnistímabilið.
- Allt ofangreint á að skapa möguleika á því að fleiri hestaþróttamenn geti skilgreinst sem afreksmenn.

b) Þróun

Neðangreind markmið taka mið af framtíðarsýn LH og byggja á þeirri hefð fyrir árangri sem til staðar er og því getustigi sem hestaþróttamenn eru á:

- Að þróa þjálfunarmynstur þannig að hestaþróttamenn tileikni sér það sem nýjast er.
- Að mennta nýja reiðkennara sem hafa getu til að framkvæma hugmyndir framtíðarsýnarinnar í daglegri þjálfun.
- Að efla metnað í afreksþjálfun hjá knöpum.
- Að auka keppnisreynslu afreksfólks með því að nýta reynslu eldri knapa.
- Að koma aftur á sk. U21 sem skipaður er ungum knöpum sem taldir eru eiga góða möguleika á að ná árangri í framtíðinni.
- Að vera með gott stoðteymi fyrir landsliðshópa, bæði fyrir knapa og hesta.
- Að gert verið samkomulag milli LH og knapa um skyldur þeirra og sameiginleg markmið.

c) Árangur

Neðangreind markmið eru hugsuð sem eðlileg afleiðing af vinnu meðmarkmið um þróun sem lýst er hér að ofan: Miðað er við að árið 2020 hafi eftirfarandi markmið náðst:

- Við stefnum hátt á HM 2017 og 2019 og ætlum okkur að vinna a.m.k. 5 hringvallargreinar á þessum mótum, í fullorðins og ungmennaflokki. Það hefur ekki gerst í allt of langan tíma.
- Við stefnum hátt á NM 2016, 2018 og 2020 en gengi okkar hefur verið betra þar heldur en á HM.

6. Framkvæmdaraðilar og hlutverk þeirra

1. **Stjórn LH** ber ábyrgð á meginákvörðunum varðandi stefnu þessa og fylgir eftir markmiðum hennar. Stjórn LH ásamt landsliðsnefnd ræður landsliðsstjóra með það að markmið að framfylgja afreksstefnu LH.
 - Landsliðsnefnd starfar í umboði stjórnar og landsliðsstjóri vinnur náið með nefndinni.
 - Mótanefndir hestamannafélaganna á landinu sjá um að skipuleggja mót þar sem knapar og hestar geta þjálfað sig og hestamannafélögin skipuleggja úrtöku mót fyrir HM og NM í samstarfi við landsliðsnefnd.
 - Menntanefnd LH vinnur að fræðslu og útbreiðslumálum til hestamannafélaganna á landinu.
 - Landsliðsnefnd vinnur að fjáröflun fyrir landsliðið ásamt knöpunum sjálfum.
2. **Framkvæmdastjóri LH/starfsmaður LH** er nauðsynlegur tengiliður milli stjórnar og allra aðila sem að stefnunni koma. Hann fylgist með því að verkefni séu á áætlun og sér um ýmiskonar vinnu í kringum landsliðið og afreksfólkið. Framkvæmdastjórinn er starfsmaður allra nefnda LH.



3. **Liðsstjóri landsliðs** er mikilvægur hlekkur í allri vinnu er snýr að landsliðinu. Hann kemur að endanlegu vali landsliðsins og skipuleggur þjálfun knapa og hrossa, í samráði við knapana sjálfa. Liðstjórinn vinnur náið með landsliðsnefndinni og öðrum fagaðilum er koma að landsliðinu.
4. **Reiðkennarar** í hestamannafélagunum eru afar mikilvægir fyrir afreksstefnuna, þar sem framtíðarsýnin er hjá þeim og ef gott samstarf er á milli landsliðsstjórans og reiðkennaranna næst betri árangur.
5. **Hestamannafélögin** eru mikilvægur hlekkur í starfi LH og í þróun LH. Það er nauðsynlegt að hestamannafélögin fái kynningu og upplýsingar frá LH um afreksstefnu, æfinga mót, sérstaka þjálfun afreksknapa, úrtöku mót og fl. Það er einnig mikilvægt að félögin séu áhugasöm um að ráða þjálfara sem hafa góða menntun og eru tilbúnir til að starfa eftir stefnu LH.
6. **Knaparnir** sjálfir eru vissulega miðpunktur afreksstefnunnar. Mikilvægt er að þeir séu sjálfir meðvitaðir um sitt hlutverk og séu tilbúnir til að takast á við það verkefni að verða og/eða vera afreksíþróttaknapi.
7. **Foreldrar og fjölskyldur** gegna einnig mikilvægu hlutverki í þroska ungmennanna. Það er því mikilvægt að foreldrar og fjölskyldur fái kynningu á markmiðum og afreksstefnu LH. Sú kynning hefur það að markmið að skapa jákvætt hugarfar fyrir hestaíþróttina svo nánustu ættingar hvetji sitt fólk frekar áfram heldur en hitt.
8. **Fagaðilar** á hinum ýmsu sviðum hestamenskunnar eru nauðsynlegir fyrir árangur hrossa og knapa. Þessir aðilar þurfa að koma að starfinu til að hjálpa til við að ná sem mestum árangri.
9. **Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí)** er einn af mikilvægustu aðilunum við framkvæmd afreksstefnunnar. ÍSí er stuðningsaðili á pólitísku sviði, veitir fjármagn, kemur að menntunarmálum, gefur upplýsingar og fl. Þetta er ein af forsendum þess að hægt sé að framfylgja afreksstefnunni og framtíðarsýn LH. Náið og gott samstarf við ÍSí er því nauðsynlegt til að geta þróað hestaíþróttina enn frekar.
10. **Utanaðkomandi styrkir frá atvinnulífnum** geta leikið lykilhlutverk varðandi þróun hestaíþróttarinnar á Íslandi, þar sem fjármál og samstarfsaðilar eru mikilvægur þáttur í nútíma íþróttafélagi. Náið samstarf LH við mikilvæg fyrirtæki getur aukið möguleikana á að áætlanir afreksstefnunnar og framtíðarsýn geti orðið að veruleika.

7. Reglulegt endurmat markmiða

Afreksstefnan skal endurskoðuð á landsþingi LH annað hvert ár og á formannafundi sem haldinn er hitt árið. Stjórn LH mun nota álit og ábendingar landsþings og formannafundar ásamt greinargerð afreks- og landsliðsnefndar til hliðsjónar við endurmat. Einnig skal funda árlega með afreksfólki til að fara yfir



Það hvað betur mætti fara og fl. Breytingar á afreksstefnunni, ef einhverjar eru, verða síðan kynntar á landsþingi LH annað hvert ár og skal hún uppfærð á heimasíðu LH. Einnig munu breytingarnar verða sendar þeim sem fer með mál afrekssviðs ÍSÍ.